REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
	Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:		43.200		
Tollnúmer:	*Svínakjöt, fryst:*				
0203.2903	Hakkað	15.10.-30.06.97		0	228
0203.2904	Lundir	15.10.-30.06.97		0	401
0203.2905	Hryggvöðvar	15.10.-30.06.97		0	401
0203.2906	Vöðvar af læri	15.10.-30.06.97		0	401
0203.2909	Annað	15.10.-30.06.97		0	401
Úr tollnr.:	*Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:*				
0210.1200	Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	15.10.-30.06.97		0	287
Tollnúmer:					
0210.1901	Reykt - beinlaust	15.10.-30.06.97		0	325
Úr tollnr.:					
0210.1909	Annars - beinlaust	15.10.-30.06.97		0	325
	Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:		40.600		
	Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:				
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	15.10.-30.06.97		0	147
0207.1401	Beinlaust	15.10.-30.06.97		0	147
0207.1402	Lifur	15.10.-30.06.97		0	202
0207.1409	Annað	15.10.-30.06.97		0	147
	Af kalkúnum:				
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	15.10.-30.06.97		0	202
0207.2701	Beinlaust	15.10.-30.06.97		0	202
0207.2702	Lifur	15.10.-30.06.97		0	202
0207.2709	Annað	15.10.-30.06.97		0	202
	Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:				
0207.3300	Ekki skorið í hluta, fryst	15.10.-30.06.97		0	202
	Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:		4.000		
0208.9006	Hreindýrakjöt, fryst	15.10.-30.06.97		0	465
Úr tollnr.:					
0208.9009	Annars - Strútakjöt, fryst	15.10.-30.06.97		0	272

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð frá 10. október 1996.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	**Að hámarki:**
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	3.500 kg	5.000 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 528 11. október 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

„Í stað dagsetningarinnar 15. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur 20. október."

Breyting þessi skal einungis gilda fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.